

Föstudaginn 21. janúar 1972.

Nr. 31/1971. **Jón Gíslason s/f**

(Jónas Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Hafsteini Jóhannssyni vegna sjálfs sín og

áhafnar m/b Eldingar, MB 14,

(Tómas Árnason hrl.).

Dómenður:

**hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson,
Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann
Snævarr.**

Björgun. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. marz 1971. Krefst hann sýku af „björgunarlauna-kröfu stefnda, en að áfrýjanda verði dæmt að greiða stefnda kr. 60.000.00 auk 7% ársvaxta frá 28. marz 1968 til greiðsludags“. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvik eru skilmerkilega rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdóms, að hjálp sú, er stefndi veitti m/s Búðakletti, GK 251, hafi verið björgun samkvæmt sjónarmiðum 199. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Ekkert var samið um þóknun fyrir starf stefnda við að skera veiðarfæraflækjuna úr skrúfu m/s Búðakletts. Hann krafði í fyrstu tryggingafélag það, er báturinn var tryggður hjá, um kr. 60.000.00 samkvæmt reikningi, er hann sýndi, fyrir hjálp þá, sem hann veitti m/s Búðakletti, og lögmaður hans krafði síðar áfrýjanda um sömu fjárhæð án nokkurs fyrirvara, eins og nánar er rakið í héraðsdómi, en greiðsla fékkst ekki hjá þessum aðiljum.

Verður að telja, að stefndi hafi talið fjárhæð þessa hæfilega þóknun fyrir hjálp þá, er hann veitti m/s Búðakletti, og er hann bundinn við greinda kröfugerð sína, en sam-

kvæmt málflutningi hér fyrir dómi kom áfrýjandi fram fyrir hönd allra áfrýjenda við framangreinda kröfugerð sína.

Að þessu athuguðu verða úrslit máls þessa þau, að áfrýjandi er dæmdur til að greiða stefnda kr. 60.000.00 með 7% ársvöxtum frá 28. marz 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði, kr. 15.000.00, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Samkvæmt 3. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 á stefndi sjóveðrétt í m/s Venusi, GK 519, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Jón Gíslason s/f, greiði stefnda, Hafsteini Jóhannssyni sjálfum og f. h. áhafnar m/b Eldingar, MB 14, kr. 60.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 28. marz 1968 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði, kr. 15.000.00, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Stefndi á sjóveðrétt í m/s Venusi, GK 519, til tryggingar dæmdur fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 2. febrúar 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Hafsteinn Jóhannsson, Narfastöðum í Melasveit, höfðað fyrir dóminum fyrir hönd eiganda og áhafnar m/b Eldingar, MB 14, með stefnu, birtri 23. desember 1968, á hendur Jóni Gíslasyni s/f, Hafnarfirði, vegna eigenda m/s Búðakletts, GK 251, nú Venusar, GK 519, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 500.000.00 auk 7% ársvaxta frá 28. marz 1968 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Til vara er þess krafizt, að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda kr. 60.000.00 auk 7% ársvaxta frá 28. marz 1968 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi krefst og sjóveðréttar í nefndu skipi til tryggingar fjárkröfum sínum.

Tryggingamiðstöðinni h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu.

Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur félaginu, og af þess hálfu eru engar kröfur gerðar.

Af stefnda hálfu er þess krafizt, að aðeins verði fallizt á vara-kröfu stefnanda.

Málavextir.

Fimmtudaginn 28. marz 1968 var m/s Búðaklettur, GK 251, á þorskanetjaveiðum VNV af Stafnesi. Að sögn skipstjórans var skipið þá í 6—7 sjómílna fjarlægð frá landi.

Netjafæri festust í skrófu skipsins.

M/b Elding var þá stödd þar nærri, en nær landi. Vann áhöfn bátsins að því að ná netjum úr skrófu m/b Margrétar, SI 4. Að áliti skipstjórans á m/b Eldingu var hún þá stödd í 4 sjómílna fjarlægð vestur frá Stafnesi. Telur hann, að m/s Búðaklettur hafi þá verið í um 1 sjómílu fjarlægð frá m/b Eldingu. Kl. 1650 hafði skipstjórinn á Búðakletti samband við Eldingu og bað um, að kafað yrði niður að skrófu skipsins og færin skorin frá.

Meðan beðið var eftir hjálp, voru lögð net frá m/s Búðakletti. Festust þá net í skrófu skipsins.

Skipstjórar beggja skipanna hafa komið fyrir dóminn auk Hafsteins Jóhannssonar, eiganda m/b Eldingar.

Skipstjórinn á m/b Eldingu, Bragi Kristjánsson, kveður m/s Búðaklett ekki hafa hreyft skrófuna, eftir að netin festust í henni, en skipstjórinn á m/s Búðakletti, Guðmundur Kristjánsson, sem kom fyrir dóminn 16. nóvember 1970, kveðst telja, að hann hafi hlotið að andæfa, til að Búðaklettur fjarlægðist ekki Eldingu og Margrétu. Ekki kveður hann áhöfn Búðakletts hafa reynt að ná netjunum úr af eigin rammleik.

Kl. 1725 hóf Hafsteinn Jóhannsson að skera frá skrófu Búðakletts. Skipstjórinn á Búðakletti kveður þá hafa verið svo skammt á milli skipanna, að Hafsteinn hafi farið beint að Búðakletti án þess að fara um borð í Eldingu.

Á nótu, sem fylgdi reikningi stefnanda til réttargæzlustefnda, dags. 28. marz 1968, er köfunarstaður tilgreindur 8 mílur V að N frá Stafnesi.

Hafsteinn Jóhannsson kom fyrir dóminn 26. janúar 1970. Kvað hann skrófugatið hafa verið fullt af netjum, svo að ekkert hafi staðið út úr netjaflækjunni af skrófublöðunum. Þann 4. febrúar 1969 var lagður fram útdráttur úr dagbók m/b Eldingar, undirritaður af skipstjóranum. Segir þar í niðurlagi: „Var skrófan full af netum“. Skipstjórinn kom fyrir dóminn 6. janúar 1970 og staðfesti skýrsluna rétta. Þann 26. janúar 1970 var útdrátturinn

borinn saman við dagbókina. Tilfærða málsgrein var ekki að finna í bókinni.

Kl. 1815 var lokið við að skera frá skrófunni. Við verkið var Hafsteinn klæddur froskmannsbúningi með súrefnisgeymi, en án líflínu.

Guðmundur Kristjánsson, sem hætti störfum hjá stefnda 17. maí 1968, telur, að skipsmenn hafi ekkert getað gert til að ná netjunum úr. Kveður hann vél skipsins þannig, að hún snúi öxlinum ekki nema einn veg, þó sé hægt að stöðva vélina og snúa öxlinum öfugt. Ekki kveður hann þá aðferð þó hæfa til að ná netjum úr skrófunni. Telur skipstjórinn, að hægt hefði verið að sigla skipinu til hafnar með netin í skrófunni. Hann segir geta komið fyrir, að net úr gerviefnum bráðni af hita, sem myndast við núning við skrófuöxulinn. Í þessu tilviki kveður hann ekki hafa verið hættu á því, þar sem færin hafi legið næst öxlinum og séu þau úr efni, sem ekki bráðni. Ef siglt hefði verið með netin í skrófunni, telur skipstjórinn, að hætta hefði verið á, að véla-búnaður skipsins skemmdist, einkum girinn. Hann kveður hafa verið tvö akkeri á skipinu, annað með 60 faðma af keðju, en hitt með 75 faðma keðju. Engin segl voru á skipinu.

Norðan sjávarfallastraumur var, þegar netin festust í skrófunni.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var veður á Keflavíkurflugvelli 28. marz 1968 sem hér segir:

Kl. 1400 ANA 6 vindstig og snjócoma, kl. 1700 ANA 7 vindstig og snjócoma. Kl. 2300 var komin norðaustanátt, 3 vindstig og skýjað. Á Reykjanesvita voru A 5 vindstig og snjócoma kl. 1400, A 2 vindstig, rigning og dálítill sjór kl. 1700 og vestan 2 vindstig, hálfskýjað og dálítill sjór kl. 2300. Næstu tvo daga var veður á Keflavíkurflugvelli og Reykjanesvita norðlæg átt, 4—5 vindstig, og sjólítið við Reykjanesvita.

Stefnandi Hafsteinn framvísaði á skrifstofu réttargæzlustefnda svohljóðandi reikningi:

„m/b Búðaklettur, GK-251.

Frá m/b Elding, MB-14,

1968

28/3 An: Samkv. fylgiskj. nr. 7.

Aðstoð kr. 60.000.00

Samtals kr. 60.000.00“.

Fulltrúi réttargæzlustefnda, Gunnar Felixson, sem komið hefur fyrir dóminn, kveðst hafa tjáð stefnanda, að vegna skulda stefnda við réttargæzlustefnda sæi hann sér ekki fært að greiða reikninginn. Kveðst hann hafa bent stefnanda á að innheimta kröfuna hjá stefnda sjálfum.

Þann 11. júní 1968 ritaði lögmaður stefnanda stefnda innheimtubréf og krafði stefnda um greiðslu á kr. 60.000.00 fyrir aðstoð. Þann 2. október 1968 ritaði lögmaðurinn stefnda svohljóðandi bréf:

„Ég vísa til bréfs míns, dags. 11. júní 1968, varðandi aðstoð, sem m/b Elding veitti m/b Búðakletti, GK-251, 28. marz 1968, 8 sjómíllur VNV frá Stafnesi.

Það var meining Hafsteins Jóhannssonar að krefja um laun fyrir veitta aðstoð, enda yrði sú krafa greidd greiðlega og eðlilega. Var það alger forsenda fyrir slíkri sanngirni.

Þar sem bréfi mínu hefir ekki verið svarað, og ekkert bólar á greiðslu, áskilur Hafsteinn Jóhannsson sér fullan rétt til að sækja mál sitt fyrir dómstólum, en jafnframt að gera þá kröfu um björgunarlaun að lögum“.

Stefnandi kveðst hafa miðað reikning sinn, er hann framvísaði hjá réttargæzlustefnda, við gjaldskrá Goðans, björgunarskipis tryggingafélaganna, sem hann telur, að hafi verið statt út af Breiðafirði.

Af hálfu stefnanda er staðhæft, að m/s Búðaklettur hafi verið tryggður hjá réttargæzlustefnda fyrir kr. 13.600.000.00 (kaskó) og kr. 3.400.000.00 (interesse).

Áætlað stefnandi, að verðmæti veiðarfæra, sem voru um borð í skipinu, þegar hjálpin var veitt, hafi numið a. m. k. kr. 1.000.000.00.

Af stefnda hálfu hefur ekki verið fallizt á, að skip og veiðarfæri hafi verið svo verðmæt. Féllst stefndi á að leggja til grundvallar ákvörðun björgunarlauna kr. 12.000.000.00, ef til kæmi. Ekkert mat hefur farið fram á verðmætum þessum.

M/s Búðaklettur hefur verið seldur Fiskveiðahlutafélaginu Venusi. Samkvæmt alþjóðamælibréfi, útgefnu 21. maí 1970, nefnist skipið nú Venus, GK 519, er 203.95 rúmlesta stálskip, smíðað í Noregi árið 1964, búið 660 hestafla mótör. Lengd skipsins er 31.52 m, breidd 7.22 m og dýpt 3.54 m.

Samkvæmt greinargerð stefnanda er m/b Elding um 100 smálesta björgunarskip, búið fullkomnustu og dýrustu tækjum til

köfunar. Telur umboðsmaður stefnanda skipið vægt metið á ca. kr. 10.000.000.00.

Málsástæður.

Höfuðmálsástæða stefnanda er sú, að hjálp sú, er hann veitti m/s Búðakletti í umrætt sinn, hafi verið björgun í merkingu 199. gr. siglingalaga nr. 66 frá 1963.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram:

Að vél skipsins hafi verið ónothæf og útilokað, að skipverjar á m/s Búðakletti gætu sjálfir náð netjunum og færunum úr skrúfunni.

Að straumar séu nokkuð harðir út af Reykjanesi, sérstaklega í Reykjanesröstinni, og yfirleitt illt sjólag, á aðra hönd m/s Búðakletts hafi verið hættuleg ströndin, en á hina Eldey og óhreinar siglingaleiðir, ef nokkuð bar suður með landinu undan norðan-áttinni.

Að skipið hafi verið á reki fyrir vindum og sterkum straumum, bjargarlaust.

Að hin björguðu verðmæti og björgunarskipið séu mjög mikils virði.

Að björgun hafi tekizt fullkomlega.

Að stefnandi hafi sýnt mikla verklagni og atorðu við starfið og lagt sig í lífshættu.

Af stefnda hálfu er á því byggt, að hjálp sú, er m/s Búðakletti var veitt í umrætt sinn, hafi ekki verið björgun í skilningi siglingalaga, og beri stefnanda aðeins hæfileg þóknun fyrir aðstoð.

Heldur stefndi því fram:

Að m/s Búðaklettur hafi ekki verið í yfirvofandi hættu, veður hafi verið gott og haldizt gott næstu dægur.

Að skipshöfn m/s Búðakletts hafi haft möguleika á að losa netin úr skrúfunni án hjálpar eða í ýtrustu neyð að keyra vél með netjadræsunum í skrúfunni til þess á þann hátt að ná til hafnar.

Að auðvelt hefði verið fyrir útgerð og tryggingu m/s Búðakletts að senda aðstoð frá landi, annað hvort kafara eða dráttar-bát.

Að skip hafi verið á veiðum og siglingu allt umhverfis m/s Búðaklett.

Að orðin hafi verið venja, að störf sem þau, er m/b Elding veitti m/s Búðakletti í umrætt sinn, væru greidd með föstum greiðslum, hvort sem þau hafi verið unnin af m/s Goðanum eða

af varðskipum, og að stefnandi hafi fylgt þessari venju og verið bundinn af henni.

Að stefnandi hafi með því að útbúa reikning að fjárhæð kr. 60.000.00 viðurkennt þá fjárhæð sem réttmæta þóknun fyrir hjálþ þá, sem hann veitti, og að hann hafi sjálfur bókað á reikninginn, að um aðstoð væri að ræða.

Að hjálþ sú, sem stefnandi veitti m/s Búðakletti, hafi tekið mjög skamman tíma og ekki virzt hafa verið neinum erfiðleikum bundin og að m/b Elding hafi ekki verið í neinni hættu.

Álit dómsins.

Það er skoðun hinna sérfróðu meðdómsmanna, að fullkominn efi sé á, að tekizt hefði að sigla m/s Búðakletti með netin í skráfunni. Hefði verið reynt að ná til hafnar með þeim hætti, telja meðdómendurnir, að veruleg hætta hafi verið á, að þær skemmdir hefðu orðið á vélabúnaði skipsins, að vélin hefði orðið með öllu óvirk til að knýja skipið.

Ef engin hjálþ hefði borizt, hefði skipið rekið fyrir veðrum og strauumi. Var þá veruleg hætta á, að skipið ræki á land eða strandaði á grynningum suðvestur af Reykjanesi.

Verður að telja mjög ólíklegt, að m/s Búðaklettur hefði náð til hafnar af eigin rammleik. Verður því að telja, að hjálþ sú, sem stefnandi veitti m/s Búðakletti í umrætt sinn, hafi verið björgun í skilningi siglingalaga, og skiptir þá ekki máli, þótt kostur hafi verið hjálpar frá öðrum. Enginn samningur hefur verið gerður um greiðslu fyrir hjálþ m/b Eldingar. Ber að líta svo á, að stefnandi hafi gert stefnda tilboð um, að fyrir hjálþina yrði greitt með kr. 60.000.00, eins og um aðstoð væri að ræða, en þetta tilboð hafi ekki verið samþykkt.

Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að stefnandi hafi verið bundinn af venju um að taka ekki björgunarlaun fyrir verk sem það, er hann vann við m/s Búðaklett í umrætt sinn.

Við ákvörðun björgunarlauna ber með hliðsjón af 200. gr. siglingalag nr. 66 frá 1963 að líta til þess:

Að björgun tókst fullkomlega.

Að stefnandi sýndi mikla verklagni, atorku og hugrekki við björgunarstarfið og lagði sig í lífshættu við það.

Að björgunarstarfið tók mjög skamman tíma.

Að hin björguðu verðmæti voru í umtalsverðri hættu.

Að skipið, sem bjargaði, var sérstaklega búið til björgunar.

Að hin björguðu verðmæti voru mikils virði.

Um verðmæti m/b Eldingar eru ekki aðrar upplýsingar í málinu en ágizkun umboðsmanns stefnanda.

Með hliðsjón af framangreindum atvikum þykja björgunarlaun hæfilega ákveðin kr. 380.000.00.

Málskostnaður ákveðst kr. 55.000.00.

Dómkröfur stefnanda njóta sjóveðréttar í m/s Venusi, GK 519, samkvæmt 3. tölulið 216. gr. laga nr. 66/1963, og er sjóveðrétturinn ófyrndur, sbr. 233. gr. sömu laga.

Dóm þennan kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Þorsteinn Einarsson skipstjóri og Guðmundur Guðmundsson skipstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Gíslason s/f, greiði stefnanda, Hafsteini Jóhannssyni f. h. eiganda og áhafnar m/b Eldingar, MB 14, kr. 380.000.00 með 7% ársvöxtum frá 28. marz 1968 til greiðsludags og kr. 55.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Venusi, GK 519, fyrir tildæmdum kröfum.

Föstudaginn 21. janúar 1972.

Nr. 134/1971. Kexverksmiðjan Esja h/f

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Friðriki Kristjánssyni vegna Hótels Esju og Hótels Esju h/f (Sveinn Snorrason hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og prófessor Ármann Snævarr.

Firmanafn.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. september 1971 og krafizt þess, „að viðurkennt